



Fréttabréf Naustaskóla

7. tölublað, 8. árgangur, 16. ágúst 2015

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Íþróttir - inni og úti

Við ætlum að nýta vel allt frá upphafi þann tíma sem við höfum í íþróttahúsi og munum því byrja strax á kennslu þar skv. stundaskrá. Nemendur þurfa því þegar frá byrjun að mæta búin til inniíþróttakennslu eftir því sem stundaskrár segja til um. Sú breyting verður á inniíþróttakennslunni í vetur að hún mun fara fram í íþróttahúsi Glerárskóla hjá öllum aldurshópum. Eftir sem áður verða svo líka útiíþróttir einu sinni í viku hjá öllum nemendum og því nauðsynlegt að allir mæti vel búnir til útiveru og hreyfingar.



Kæra skólasamfélag

Sjöunda starfsár Naustaskóla hefst með skólasetningu föstudaginn 21. ágúst. Þá koma nemendur 1. bekkjar ásamt foreldrum til viðtals við umsjónarkennara en aðrir nemendur hitta kennara sína stutta stund og fá afhentar stundaskrár og aðrar upplýsingar sem varða skólastarfið. Kennsla hefst svo skv. stundaskrá mánudaginn 24. ágúst nema hjá 1. bekk þar sem kennsla hefst þriðjudaginn 25. ágúst.

Eins og kynnt var í vor áttu sér stað framkvæmdir og skipulagsbreytingar innanhúss í skólanum okkar í sumar. Allt gekk þetta að óskum og er nú allt að verða tilbúið fyrir nýtt skólaár. Ný starfsmannaálma hefur verið tekin í notkun, leikskóladeildirnar hafa flutt sig um set og endurraðað hefur verið á kennslusvæði þannig að 1.-3. bekkur eru nú saman á neðri hæð skólans, 4.-7. bekkur á efri hæðinni og unglingastigið breiðir úr sér á sínu svæði. Þá hafa Frístundin, tónmenntastofan og bókasafnið verið flutt og aðalinngangur skólans verður loks að fullu tekinn í notkun í skólabyrjun. Loks má svo nefna að nemendum hefur fjölgað um liðlega 20 og munu verða rúmlega 370 talsins í vetur. Það er því spennandi að koma í skólann á nýjan leik og sjá hvernig til hefur tekist með breytingarnar og hitta gamla og nýja vini. Með von um góða skólabyrjun, gott samstarf í vetur og árangursríkt skólaár framundan hjá okkur öllum!

Ágúst Jakobsson, skólastjóri

Umsjónarkennarar og nemendafjöldi 2015-2016

1. bekkur: Gréta Björk Halldórsdóttir og Guðrún Inga Hannesdóttir. Nemendafjöldi: 41

2.-3. bekkur: Berglind Bergvinsdóttir, Elín Hulda Einarsdóttir, Kristín Sigurðardóttir, Lilja Þorkelsdóttir og Sunna Alexandersdóttir. Nemendafjöldi: 96

4.-5. bekkur: Kristín Margrét Gísladóttir, Sigríður Jóna Ingólfsdóttir, Stefán Smári Jónsson og Þóra Ýr Sveinsdóttir. Nemendafjöldi: 73

6.-7. bekkur: Andri Snær Stefánsson, Kolbrún Sigurgeirsdóttir og Særún Magnúsdóttir / Elfar Árni Aðalsteinsson. Nemendafjöldi: 62

8.-10. bekkur: Aníta Jónsdóttir, Árni Hrólfur Helgason, Ása Katrín Gunnlaugsdóttir, Björn Benedikt Benediktsson, Herdís Margrét Ívarsdóttir og Magnús Jón Magnússon. Nemendafjöldi: 100

Að auki starfa svo stoðkennarar og stuðningsfulltrúar með hverju teymi eftir efnum og ástæðum en sú skipan verður nánar kynnt á skólasetningu.

Skólasetning

Skólasetning í Naustaskóla verður föstudaginn 21. ágúst. Nemendur mæti á eftirfarandi tímum:

kl. 10:00 2.-3. og 4.-5. bekkur

kl. 11:00 6.-7. og 8.-10. bekkur

Nemendur í 1. bekk og forráðamenn mæta í viðtöl á skólasetningardaginn eða mánudaginn 24. ágúst, tölvupóstur með upplýsingum varðandi viðtölin hjá 1. bekk verður sendur út von bráðar.

Á skólasetningunni hitta nemendur umsjónarkennara, fá stundaskrá og fræðast um starfið í vetur. Foreldrar eru velkomnir og **við mælumst sérstaklega til þess að foreldrar nýrra nemenda í skólanum fylgi sínum börnum.**

Tölvulán í 8.-10.b.

Eins og kynnt var sl. vor gerum við nú ráð fyrir að allir nemendur á unglingastigi verði með spjald- eða fartölvu að staðaldri í skólanum enda áformað að nýta upplýsingatæknina í enn meira mæli í öllu námi þess aldurshóps í vetur. Því er hugmyndin að allir nemendur á unglingastigi sem það geta mæti jafnan með sínar eigin spjald- eða fartölvur í skólann, en skólinn mun hins vegar útvega búnað fyrir þá sem ekki eiga búnað eða vilja frekar fá hann lánaðan. Þeir sem óska eftir að nýta sér þá þjónustu eru beðnir um að senda tölvupóst þess efnis á ritara skólans þannig að hægt sé að búa til lista og undirbúa búnaðinn.

Nýtt skólaár í mentor verður virkt að morgni skólasetningardagsins, 21. ágúst. Frá þeim tíma geta nemendur og foreldrar nálgast þar stundaskrár o.þ.h.



Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Ágúst 2015

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
16	17 Undirbúningsdagur	18 Undirbúningsdagur	19 Undirbúningsdagur	20 Undirbúningsdagur	21 Skólasetning (Frístund opnar) Skyr, brauð, álegg og salatbar. Ávextir.	22
23	24 Kennsla hefst. Við töl hjá l.b. Ofnbakaður fiskur í karrýsostasósu, hrísgrjón og gúrka.	25 Kjötbollur, kartöflur, grænmeti og brún sósa. Ávextir. Kennsla hefst í l.b.	26 Steiktur fiskur, kartöflur, gúrkudressing og salatbar. Ávextir. G. bekkur í siglingu	27 Súrsætur grísapott-réttur, hrísgrjón og salat. Ávextir.	28 Pylsupasta og salatbar. Ávextir. Útivistardagur	29

Skólafærninámskeið

Skólafærninámskeið er sérstaklega ætlað fyrir foreldra þeirra barna sem eru að hefja sitt grunnskólanám. Námskeið af þessu tagi eru haldin árlega fyrir foreldra nýnema en markmiðið með þeim er að fræða foreldra um skólann okkar og grunnskólakerfið almennt, hvað það þýðir að eiga barn í grunnskóla, hvað þurfi helst að hafa í huga, hvaða þjónusta og aðstoð er í boði o.s.frv. Námskeiðið verður haldið

Þriðjudaginn 1. september kl. 17:30-20:00

Dagskrá þess verður sem hér segir:

- Að byrja í grunnskóla - hvað þýðir það fyrir börnin okkar?
- Grunnskólakerfið á Íslandi - yfirlit og upplýsingar
- Naustaskóli / starfshættir / agastefna / kennsluáferðir o.fl.
- Samskipti heimila og skóla / upplýsingamiðlun - mentorkerfið o.fl.
- Foreldrafélag / skólaráð / stoðþjónusta

Ætlast er til að fulltrúar allra nemenda í l. bekk mæti á námskeiðið en aðrir eru að sjálfsögðu einnig velkomnir. **Boðið verður upp á barnagæslu meðan á námskeiði stendur og léttan málsverð fyrir þátttakendur og börn.**

Gledilegt nýtt skólaár!!

Næsta fréttabréf kemur út 1. september

Mötuneyti / ávextir / mjólk

Til að byrja með gerum við ráð fyrir að allir nemendur verði í fæði í mötuneyti skólans og að allir nemendur verði í ávaxtaáskrift. Hver hádegismáltíð í annaráskrift kostar 411 krónur og annaráskrift að ávöxtum kostar 6656 krónur. Þeir sem óska **EKKI** eftir að kaupa annaráskrift að hádegismat og ávöxtum þurfa að senda póst um það á netfangið naustaskoli@akureyri.is eða hringja í ritara skólans í síma 4604100. Þeir sem vilja frekar senda börn sín með nesti í skólann en að kaupa ávaxtaáskrift geta óskað eftir mjólkuráskrift (2912 kr. á önn) og skal það einnig gert með símtali eða tölvupósti til ritara. Nánari upplýsingar um mötuneyti, ávexti og mjólk má nálgast á heimasíðu skólans á slóðinni:

<http://www.naustaskoli.is/page/motuneyti>

Námshagnagjaldið

Við minnum þá sem enn eiga eftir að greiða námshagnagjaldið að gera það hið fyrsta eða í síðasta lagi á skólasetningardaginn. Gjaldið er 4100 kr. fyrir alla nemendur og greiðist inn á reikning 565-26-460110, kt. 460110-1140.